

## UMSÖGN

Viðtakandi: **Utanríkismálanefnd Alþingis**  
Sendandi: **Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins**  
Dagsetning: **28.05.2020**  
Efni: **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um utanríkisþjónustu Íslands, nr. 39/1971, með síðari breytingum (skipun embættismanna o.fl.), þingskjal 1227 — 716. mál.**

Þann 14. og 18. maí sl. barst Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins (FHSS) umsagnarbeiðni frá utanríkismálanefnd Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um utanríkisþjónustu Íslands (skipun embættismanna o.fl.). Frestur til umsagnar var veittur til 28. maí 2020.

Frumvarpið varðar innri starfsemi utanríkisþjónustunnar, þ.e. hvernig staðið skuli að skipun í embætti á vegum utanríkisráðuneytisins. Í almennum athugasemdum frumvarpsins er tekið fram að með framlagningu frumvarpsins sé stigið jákvætt skref í átt að þeim jafnræðissjónarmiðum sem liggja til grundvallar almennri auglýsingaskyldu um laus störf hjá ríkinu og í því ljósi styður FHSS framgöngu frumvarpsins hvað það atriði varðar.

FHSS telur þó rétt að gera athugasemd við einstaka atriði frumvarpsins sem virðast ganga gegn ofangreindu jafnræðissjónarmiði. Benda má t.d. á 2. og 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins sem heimila ráðherra að skipa sendiherra tímabundið til allt að fimm ára í senn til að veita tiltekinni sendiskrifstofu forstöðu eða gegna hlutverki sérstaks erindreka, auk þess að skipa sendifulltrúa tímabundið í embætti sendiherra meðan hann gegnir starfi forstöðumanns sendiskrifstofu. Þá má jafnframt benda á 5. gr. frumvarpsins um að ráðherra sé heimilt að flytja ráðinn sendifulltrúa tímabundið í embætti skrifstofustjóra án undangenginnar auglýsingar.

Í frumvarpinu eru ástæður fyrir ofangreindum tillögum raktar m.a. með vísan til þeirra sjónarmiða að mikilvægt sé að nýta sérþekkingu og reynslu einstakra aðila við skipun í sendiherrastöðu. Að mati FHSS teljast slíkar ástæður ekki vera reistar á svo málefnalegum grunni að það víki til hliðar almennum jafnræðissjónarmiðum sem liggja til grundvallar almennri auglýsingaskyldu um laus störf hjá ríkinu. Þá er jafnframt hætt á því að slíkar ráðstafanir, sem eiga samkvæmt frumvarpinu að vera tímabundins eðlis, verði gerðar að meginreglu í framkvæmd fremur en undantekningu.

FHSS telur að með slíkum ráðstöfunum sé gengið á þá hagsmuni almennra félagsmanna FHSS að ætíð sé skipað í lausar opinberar stöður út frá jafnræðissjónarmiðum og almennum málefnalegum grundvelli sem telst orðinn sjálfsagður og jafnframt lögbundinn í nútíma starfsumhverfi. Félagið telur jafnframt að verði frumvarpið samþykkt óbreytt sé tekið skref til baka í þeim efnum, þ.e. til úrelts starfsumhverfis þegar slík réttindi opinberra starfsmanna voru gjarnan virt að vettugi.

Að svo sögðu hvetur FHSS nefndina til að taka þessi atriði frumvarpsins til frekari skoðunar.